

Reglur um garðþjónustu fyrir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega hjá Sveitarfélaginu Árborg

1.gr

Markmið

Markmið með þjónustunni er að aðstoða ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega sem eru með 75% örorku og geta ekki hjálparlaust hirt lóðir sínar og nefnast því þjónustuþegar.

2. gr.

Skilgreining á garðþjónustu

Undir garðþjónustu flokkast sláttur grasflatar og frágangur, snyrting limgerða og frágangur ásamt beðahreinsunum.

3.gr

Réttur til nýtingu þjónustu

Rétt til nýtingu þjónustunnar eiga ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með 75% örorku og hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg. Réttur til niðurgreiðslu skapast aðeins ef viðkomandi hefur mánaðarlega framfærslu undir eftirfarandi upphæðum:

Einstaklingur: 506.854

Hjón eða sambýlisfólk: 823.634

Skilyrði eru að viðkomandi eigi lögheimili í íbúðarhúsnæðinu þar sem þjónustunnar er óskað. Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar og eru ekki færir um að hirða lóð sína. Lóðir við fjöleignarhús tilheyra ekki þessari þjónustu.

4.gr

Útfærsla þjónustu

Þjónustuþegar leita sjálfir til þeirra þjónustuaðila sem bjóða upp á garðþjónustu og sjá um skipulagningu og greiðslur til viðkomandi fyrirtækis. Sótt er um í kjölfarið niðurgreiðslu til sveitarfélagsins.

5. gr.

Umsóknarferli og fylgigögn

Sækja skjal um niðurgreiðslu á garðþjónustu á umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast á mínum síðum á heimasíðu Árborgar eða á þjónustuborði í ráðhúsi Árborgar.

Með umsókn þarf að skila inn gildum reikning vegna kaupa á þjónustu og nýjasta skattframtal viðkomandi. Ásamt staðfestingu á örorku þegar við á.

6. gr.

Tímabil þjónustunnar

Eingöngu er hægt að sækja um niðurgreiðslu á þjónustu á tímabilinu 01.maí til 30. september ár hvert. Þjónustan þarf einnig að eiga sér stað innan þess tímabils

7.gr.

Upphæð niðurgreiðslu

Hámarksupphæð niðurgreiðslu nemur 45.000 krónur á ári.

8.gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar voru samþykktar í Velferðarnefnd þann 19.06.2024 og staðfestar í bæjarstjórn

Árborgar þann 26.06.2024

Reglurnar taka gildi 01.01.2025